

Mannréttindaráð og Menntaráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á formenn nefndanna
margret.kristjana.sverrisdottir@reykjavik.is og
oddny.sturludottir@reykjavik.is

Einnig sent til valinna fjölmiðla

27. október 2010

Efni: Fræðum börnin en tryggjum sjálfstæði skólastarfsins

Nýlegar tillögur Mannréttindaráðs Reykjavíkur um að banna trúarstarf innan grunn- og leikskóla borgarinnar hafa vakið sterk viðbrögð og heitar umræður. Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi vill af því tilefni koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri fyrir hönd íslenska bahá'í samfélagsins:

Sjálfstæði skólastarfs í landinu verður að tryggja með öllum ráðum. Það getur engan veginn talist eðlilegt að aðilar utan skólanna eigi sérstaka kröfu á að starfa innan þeirra. Á hinn bóginn er mikilvægt að skólar njóti óskoraðs frelsis til að styðja við menntun og upplýsingu nemenda sinna, þar á meðal með almennri fræðslu um helstu trúarbrögð og trúarhugmyndir mannkyns. Í slíkri fræðslu gæti til dæmis falist að bjóða talsmönnum trúar- og lífsskoðunarhópa að kynna trú sína og skoðanir auk vettvangsferða nemenda til þess að kynnast starfi þeirra. Slík fræðsla vikkar ekki aðeins sjóndeildarhring barnanna heldur getur einnig komið í veg fyrir þá fordóma sem fáfræði um fjölbreytilegan andlegan arf mannkynsins elur af sér.

Mikilvægt er að börnum líði vel í skóla og í ýmsum tilvikum getur það orðið til að auka gagnkvæman skilning og umburðarlyndi að nemendurnir fái tækifæri til að kynnast sérstökum aðstæðum einstakra skólafélaga sinna, hvort heldur þær lúta að trú þeirra, þjóðerni eða fötun, svo dæmi séu tekin. Kynning, heimsóknir eða vettvangsferðir ættu að vera sjálfsagður liður í þeirri viðleitni skólans.

Þekking á trúarbrögðum mannkyns flokkast ótvírætt undir almenna grunnþekkingu á menningarsögu heimsins. Sé vel staðið að kennslu um trúarbrögð, heimspeki og lífsskoðanir almennt ætti hún einnig að vinna gegn fordómum og stuðla að skilningi á ólíkum leiðum til að vinna með lífssýn og þroska. Börn og unglingar ættu að fá að kynnast sem flestum hliðum trúar- og lífsskoðana en skólayfírvöld verða sjálf að setja rammann utan um þá kynningu og eiga frumkvæði að henni.

Með kveðju,



Róbert Badí Baldursson
ritari Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi